

Nd.

595. Frumvarp til laga

um nokkrar bráðabirgðaráðstafanir.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Fresta skal framkvæmd 1.—6. gr. l. nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins, en gjald það, sem innheimt er samkvæmt 7. gr., skal renna í ríkissjóð. Heimilt er ríkisstjórninni að verja svipaðri fjárhæð úr ríkissjóði til að bæta aðbúð á gististöðum og auka hreinlæti á ferðamannaleiðum.

2. gr.

Handbært fé ríkisstofnana, sem að lögum eiga að greiða allan tekjuafgang í ríkissjóð, að frádregnum launum fastra starfsmanna, skal mánaðarlega greitt til ríkisféhirðis.

Heimilt skal ríkisstjórninni að ákveða, að enga fasta starfsmenn megi ráða við ríkisstofnanir, þar með taldir bankar, nema að undangengnu samkeppnisprófi. Ríkisstjórnin setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þessi próf.

3. gr.

Í byrjun hvers fjárhagsárs skal öllum forráðamönnum ríkisfyrirtækja og starfsgreina ríkissjóðs látnin af hlutaðeigandi ráðuneyti í té skrá yfir starfsmenn þá, sem honum er heimilað að hafa í sinni þjónustu og hve mikil laun heimilt er að greiða hverjum starfsmanni fyrir sig.

Óheimilt er forstöðumanni ríkisstofnunar að ráða nokkurn til starfs, sem ekki er gert ráð fyrir í starfsmannaskrá ríkisins, annars en venjulegrar daglaunavinnu, nema með samþykki ráðherra. Svo skal og óheimilt að greiða nokkrum starfsmanni stofnunarinnar nokkuð fyrir störf í þágu hennar umfram það, er greinir í launaskrá, hvort sem um er að ræða aukabókun, hreina launaviðbót eða greiðslu fyrir aukavinnu, eða breyta launakjörum á annan hátt, nema með samþykki ráðherra.

4. gr.

Fresta skal að prenta umræðupart þingtíðindanna fyrir árið 1940.

5. gr.

Lækka skal afnotagjald þeirra útvarpsnotenda, sem ekki hafa straumtæki, niður í 20 krónur.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.